


Afstöðumynd 1:500

## BYGGINGARLÝSING:

### Almennt;

Húsin sem eru 3 eru fjölbýlishús á 4. og 5. hæðum, með sameiginlegum bílgeymslukjallara undir baklóð.
Sérgeymslur eru staðsettar í kjallara ásamt hjóla og vagnageymslu, inntökum veitustofnana og ræstiaðstöðu.
Samanlagt eru 50 íbúðir í húsunum sem skiptast eftirfarandi:

Í húsi nr. 1 er:
- 10 stk. Íbúðir sem eru 3. herbergja

Í húsi nr. 3 er:
- 4 stk. íbúðir sem eru 4. herbergja
- 12 stk. Íbúðir sem eru 3. herbergja
- 4 stk. íbúðir sem eru 2. herbergja

Í húsi nr. 5 er:
- 2 stk. Íbúðir sem eru 5 herbergja
- 18 stk. Íbúðir sem eru 3. herbergja

Íbúðir eru hannaðar þannig að þær geta uppfylla kröfur um algilda hönnun með minniháttar aðlögun (t.d. breyta hurðaropnunum, skipta fataskápum í forstofu og hjónaherbergi út fyrir fatahengi, auka bil á milli innréttinga í eldhúsi og setja sturtuhengi á baðherbergi).
Stéttir framan við hurðir halla frá hurðum og ekki er meiri munur en 25mm frá stétt og upp á þröskuld (sbr. leiðbeiningarblöð HMS varðandi grein 6.4.2 um halla að hurðum).

### Byggingarhlutar;

Útveggir eru almennt steinsteyptir 15cm og 20cm í kjallara (frávik málsett) einangraðir að utan með steinull og klæddir með ál-klæðningu bæði sléttum og báruðum plötum. Veggir svalaganga eru klæddir með timburklæðningu.
Þak íbúða er almennt steinsteypt viðsnúið þak , XPS-frauðplasti og fargi. Þak bílgeymslu er með þakdúk, jarðvatnsmottum mín 6 lítra pr. m2, jarðvegi og grasi/hellum.
Milli íbúða, og milli íbúða og stigahúss koma steinsteyptir veggir (REI90 R`w 55dB). Gólf milli hæða eru tvöföld og samanstanda af burðarplötu og ofan á hana kemur einangrun og írennsli með gólfhitalögnum.
Steypar súlur eru 30cm í bílgeymslu, 25cm í kjallara og 20cm í íbúðum og svalagöngum.
Gluggar eru ál-tré gluggar með tvöföldu einangrunargleri. Inngangs og svalahurðir íbúða eru með gleri. Nota skal öryggisgler í allar rúður sem eru nær gólfi en 60cm, sjá merkingar á sérteikningum af gluggum og hurðum. Þar sem fallhætta er af efri hæðum skal koma fyrir barnaöryggi með opnun að hámarki 89mm.
Á svalaganga kemur glerveggur með lamineruðu öryggisgleri. Litir eru samkv. vali hönnuðar.
Gólf svalaganga eru steinsteypt og stálstrokin. Svalir fylga íbúðum og eru steinsteyptar og lagðar með viðarklæðningu.
Handrið eru úr áli/stáli með lituðu lamineruðu gleri.

### Frágangur inni;

Í stigahús koma pósthólf fyrir allar íbúðir. Bréfarifur á pósthólfum skulu vera í 700-1750mm hæð í miðja rifu.
Í stigahúsi er lyfta þar sem innanmál lyftu er 110x210cm, með burðargetu minnst 1000 kg. Umferðarmál dyraops að lyftu skal vera að lágmarki 80x200cm. Innveggir sem ekki eru málsettir í íbúðum eru 12cm og klæddir klæðningu í flokki 1.
Innihurðir eru með mín 80x200cm umferðarbreidd.
Koma skal fyrir læstum skáp eða hirslu fyrir lyf í hverri íbúð. Einnig skal vera fyrir hendi læst geymsla eða skápur fyrir hættuleg þvottaefni, hreinsiefni o.þ.h.
Gólf í votrými skal vera vatnshelt og halla að niðurfalli. Gólf skal þannig frágengið að ekki sé hætta á hálku í bleytu. Loft og veggir í votrýmum skulu þannig gerðir að þeir þoli gufu og þann raka sem vænta má að myndist í votrýminu (meðan HMS gefur ekki út leiðbeiningar er bent á Rb. blöðin Frágangur votrýma, Gólf í votrýmum, Flísaklæddir votrýmisveggir og danskar leiðbeinigar SBI nr. 252)

### Lagnir;

Húsin eru hituð upp með gólfhita, þ.e. í steypu komi pexrör.
Neysluvatnslagnir eru með ísteyptum pexrörum, rör í rör í gólfum og þunnveggja stállögnum í lagnaveggjum. Tryggja skal að vatnshiti fari ekki yfir 65°C við tappstaði. Til að koma í veg fyrir hættu á hermannaveiki skal hiti á heitu vatni í neysluvatnslögn, þar sem vatnið er að jafnaði ekki á hreyfingu, aldrei fara undir 60°C og almennt ekki vera lægri en 65°C í stofnlögnum. Við handlaugar, sturtur og baðkör komi hitastýrð blöndunartæki sem tryggi að vatnshiti fari ekki yfir 43°C

### Lagnaleiðir stofnlagna;

Láréttar stofnlagnir (vatn, hiti og klóak) lagðar undir lofti kjallara.
Eins er með loftræsilagnir kjallara sem fara inn í bílgeymslu.
Lóðréttar stofnlagnir í öllu húsinu þ.e.a.s. loftræsing vatn, hiti og klóak eru lagðar í lagnaveggjum við baðherbergi og við eldhús.

### Loftræsing;

Loftræsing er almennt vélrænt útsog (merkt LR á teikningu). Loftræsing íbúða er útsogskerfi upp úr þaki. Loftræsing geymslukjallara er vélrænt útsog. Stigahús loftræsist gegnum loftstokk upp úr þaki lyftustokks, auk loftskipta sem myndast við stöðugan umgang inn og út á svalaganga, þar fyrir utan loftræsist stigahús og brunastúkur með stöðugu útsogi frá útsogskerfi geymslukjallara (þar sem hurðir stúku eru opnar á seglum).
Loftræsing upp úr þaki lyftu, skal vera a.m.k. 1% af flatarmáli lyftugangs.
Í bílgeymslu komi vélrænt loftræsikerfi sem geti fjarlægt hættulegar og sprengifimar lofttegundir.

### Bifreiðastæði og lóð;

Bílastæðafjöldi er 27 á lóð og 50 í bílakjallara, samtals 77 bílastæði, þar af 4 fyrir fatlaða. Bílastæði á lóð eru öll á austurhluta lóðar í beinni tengingu við inngang húsanna. Niðurkeyrslurampur að bílgeymslu er á milli húsa nr. 1 og 3.
Svalagangar, stéttar, rampur og bifreiðastæði hreyfihamlaðra eru með snjóbræðslu. Niðurföll og snjóbræðsla að stæðum fatlaðra er í samræmi við leiðbeiningar og kröfur Akureyrarbæjar (UMSA).
Gert ráð fyrir lagnaleiðum frá aðaltöflu fyrir tengibúnað vegna hleðslu rafbíla að hverju bílastæði í bílgeymslu og á lóð.
Lóð er almennt þökulögð og göngustígar hellulagðir. Bifreiðastæði eru malbikuð. Gert er ráð fyrir a.m.k. 20 stofntrjám á lóðinni sbr. ákvæði deiliskipulags auk runna til prýðis. Á sérteikningu landslagshönnuðar er gerð grein fyrir gróðri og gróðurbeðum.
Yfirborðsvatn frá hörðu yfirborði mun renna að gegndræpum svæðum. Einnig er komið fyrir jarðvatnssöfnunarmottum á þak bílgeymslu sem geta rúmað 6 l/m².
Djúpgámar fyrir sorp eru staðsettir við bifreiðastæði á tveimur stöðum. Reiknað er með losun á tveggja vikna fresti og samanlagður fjöldi djúpgáma er eftirfarandi;

| | |
|---|---|
| Almennt sorp, | 2 stk. 4 m³ hver gámur. |
| Lífrænt sorp, | 2 stk. 3 m³ hver gámur. |
| Pappír, | 2 stk. 5 m³ hver gámur. |
| Plast, | 2 stk. 5 m³ hver gámur. |

Útikrani er nálægt sorpgerði en einnig framan og aftan við hvert hús til að geta vökvað lóðina.
Gert er ráð fyrir ljósastaurum við bílastæði og dvalar-/og leiksvæði.

**Eingöngu er heimilt að nota byggingarvörur sem hafa hlotið staðfestingu tilnefnds aðila á samræmi eða eru CE-merktar. Byggingarvörur eiga að vera í samræmi við lög um byggingarvörur nr. 114/2014.**

### HELSTU STÆRÐIR:

| | Brúttóflötur | Brúttórúmmál |
|---|---|---|
| Bílgeymsla | 1.343,2 m² | 3.801,3 m³ |
| Kjallari | 973,1 m² | 2.921,8 m³ |
| 1.hæð: | 963,1 m² | 2.767,0 m³ |
| 2.hæð: | 963,1 m² | 2.767,0 m³ |
| 3.hæð: | 963,1 m² | 2.767,0 m³ |
| 4.hæð: | 963,1 m² | 2.832,2 m³ |
| 5.hæð: | 560,1 m² | 1.709,1 m³ |
| Botn: | | 463,3 m³ |
| Samtals: | 6.728,8 m² | 20.028,6 m³ |

| | |
|---|---|
| Landeignarnúmer; | L236299 |
| Flatarmál lóðar; | 6.007,5 m² |
| Nýtingarhlutfall húss; | 0,90 |
| Nýtingarhlutfall bílgeymslu; | 0,22 |
| Nýtingarhlutfall samtals | 1,12 |

### Einangrunargildi byggingarhluta upphitaðs rýmis eru (W/m² c);

| | | |
|---|---|---|
| Jarðgólf og sökklar | 0,24 | 100mm frauðplasteinangrun og 50mm innan á sökklum |
| Steyptur útveggur | 0,36 | 100mm steinull |
| Steyptir veggir að jörðu (geymslukjallari) | 0,24 | 100mm frauðplast |
| Þak | 0,19 | 200mm frauðplast. |
| Gluggar og hurðir | 1,40 | K-gler gasfyllt (Argon eða Kripton) með sólstoppi S max = 0,5 |
| Gólf milli íbúða og bílgeymslu | 0,27 | 100mm steinull. dt ca. 5 - 15°c |

Leiðnitap á fermeter gólfs Pr, °c - 0,88 w/m²°c

Tákn;

| | |
|---|---|
| Lr. | Loftræsing upp úr þaki eða vélræn. |
| B.op. | Björgunarop í glugga |
| R | Reykskynjari. |
| I | Inntak vatns- og hitaveitu. |
| T | Inntak rafveitu og síma. |
| GN | Gólfniðurfall |
| NF | Niðurfall í regnvatnslögn |
| RO | Möguleiki á rafmagnsopnun v/algildrar hönnunar báðu megin við hurð |
| SL | Segull heldur hurð opinni meðan ekki kemur boð um bruna |
| ÚK | Útikrani |

### Svalalokanir:

Svalalokanir eru leyfðar á svalir til að skapa skjól á þeim. Setja má svalalokanir á hluta af svölum eftir óskum. Nota skal lokanir af sömu gerð og sama lit og svalhandriði í samráði við aðalhönnuð. Svalalokanir eru byggðar úr einföldum glerskífum sem renna til í álbrautum. Aðeins skal nota búnað sem samþykktur er af HMS. Hægt er að raða glerskífum þvert á lokun og læsa föstum á einfaldan og fljótvirkan hátt þannig að opnun sé að lágmarski 85% (af framhlið) og svalirnar nýtist áfram sem flóttaleið. Í glugga svalaskýlis skal nota hert öryggisgler (perlugler).
Ekki er þörf á sérstakri loftræsingu í svalarskýlum sem þau eru ekki þétt þó allir glerflekar séu lokaðir auk þess sem krafa er um að hægt sé að opna að lágmarki einn glerfleka og læsa í stöðu með að lágmarki loftunarrifu.
Herbergi innan við svalir loftast af útsogskerfi íbúðar sem myndar undirþrýsting í íbúð og dregur loft inn um opnanlega glugga og ferskloftsventla.

## SAMANTEKT BRUNAVARNA.

Yfirfarið af Guðmundi Gunnarssyni, Inspectionem ehf.

### Forsendur brunavarna:

Um er að ræða þrjú fjölbýlishús með geymslum og sameiginlegri bílgeymslu í kjallara. Í húsi nr. 1 eru 2 íbúðir á hverri hæð, í húsi nr. 3 eru 5 íbúðir á hverri hæð en í húsi nr. 5 eru fjórar íbúðir á hverri hæð. Íbúðirnar ásamt sameiginlegum geymslum í kjallara eru í notkunarflokki 3 en sameiginleg bílageymsla er í notkunarflokki 1. Hönnun brunavarna miðast við aðferð í staflið a) í 9.2.2 gr. byggingarreglugerðar 112/2012. Notaðir verða þeir staðlar sem vísað er til í byggingarreglugerð. Helstu ákvæði um brunavarnir koma fram á aðaluppdráttum s.s. um brunahólfun, brunamótstöðu burðarvirkja, flóttaleiðir og öryggisbúnað og eru þau í samræmi við ákvæði megin og viðmiðunarregla byggingarreglugerðar.
Gerð verður grein fyrir brunatæknilegum lausnum á séruppdráttum og tilgreindur frágangur sem varðar brunahólfun þess þ.m.t frágang brunaþéttinga eftir því sem við á.

### Brunahólfun og brunamótstaða burðarvirkja.

Hver íbúð er sjálfstætt brunahólf EI 90 en EI 60 að stigahúsi. Bílgeymslan er sjálfstætt brunahólf EI 90 og eru tengingar að geymslugöngum um EI2 60-CS200, A2-s1,d0 hurðir. Frá geymslugöngunum er gengið inn i stigahús um brunastúkur með EI2 30-CS200 hurðum. Hurðir frá íbúðum að svalagangi eru hefðbundnar útihurðir en hurðir í íbúðum sem tengist stigahúsinu eru EI2 30-CS200 . Hurðir milli stigahúsa og svalaganga í húsi 1 eru EI2 30-CSa með þéttingu Sa fyrir kaldan reyk en aðrar eru hefðbundnar útihurðir með reykþéttingu Sa. Allar lagnir og loftstokkar sem fara í gegnum brunahólfandi skil verða með brunaþéttingu sem svarar til viðkomandi hólfunar.
Flokkun burðarvirkja m.t.t. áhættu er mikil sbr. 9.9.2 gr. og er brunamótstaða láréttra og lóðréttra burðarvirkja því R 90 / REI 90 en þaks REI 60. Stigar eru R60. Brunamótstaða svala er R 90 / REI 90.

### Flóttaleiðir og merkingar þeirra.

Flóttaleiðir frá hverri íbúð eru tvær; annarsvegar um forstofuhurð fram í svalagang sem er hannaður sem útisvæði og þaðan út í stigahús í flokki 1 (hús 3) eða 2 (hús nr. 1 og 5) en ein íbúð á hverri hæð í húsi nr. 3 er með EI2 30 CS200 hurð út í stigahúsið og hinsvegar út á svalir eða sérnotarými fyrir viðkomandi íbúð. Hurðabreiddir í flóttaleiðum eru hvergi undir 0.8 m.
Í öllum húsunum er öruggt svæði 0.8x1.5 m á öllum hæðum í stigahúsum nema þar sem er farið beint út á lóð. Ekki er þörf á samskiptabúnaði á hæðunum vegna opnunar á svalagöngum
Frá geymslugöngum eru eftirfarandi flóttaleiðir; í húsum 1 og 3 eru þrjár leiðir, inn í bílageymslu, inn í stigahúsið og beint út í rampinn í gegnum hjólageymslu en í húsi 5 eru tvær leiðir inn í stigahús og út í bílageymslu og þaðan út.
Flóttaleiðir frá bílgeymslunni eru um útihurð við hlið innakstursurðarinnar auk gönguhurðar inn í geymslugang húsi 5 og þaðan inn í stigahús. Þessar hurðir eru i gagnstæðum endum bílgeymslunnar. Göngulengdir eru í samræmi við 9.5.6 gr. og eru undir 45m. Hurðabreiddir í flóttaleiðum eru hvergi undir 0.8 m.
Á miðlínum í gönguleið bílgeymslu er neyðarlýsing 1 lux á 1 m breiðu belti að útgöngum og settar verða upp leiðamerkingar sem vísa á útganga sem sjást frá hverjum stað í bílgeymslunni. Önnur neyðarlýsing er minnst 5 lux í stigahúsum og 0.5 lux í bílgeymslu og í geymslugangi.
Neyðarlýsing, minnst 15 lux, verður í tæknirými og við stjórnbúnað reyklosunar.
Neyðarlýsing er í lyftu. Almenn lýsing í flóttaleiðum skal vera a.m.k. 100 lux.
Varastraumgjafar eru rafhlöður.
Hönnun út- og neyðarlýsingar er í samræmi við ÍST EN 1838, ÍST EN 50171, ÍST EN 50172, ÍST 150 og ÍST EN 60598-2-22 eftir því sem við á.

### Brunaviðvörun.

Í hverri íbúð er optískur reykskynjari, CE merktur, 1 stk. fyrir hverja 80 m2 í íbúðarrými og staðsettir þannig að til þeirra heyrist greinilega í öllum svefnherbergjum þegar dyrnar eru lokaðar. . Í sameign íbúðanna er einnig optískur reykskynjari á hverri hæð, CE merktur, 1 stk. á hverja 80 m2.
Í bílakjallara er sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi með fjölvirkum skynjurum og setur það reykblásara í gang ef tveir skynjarar nema bruna, hannað í samræmi við leiðbeiningar HMS 6.038 og er stjórnstöð þess í hjólageymslu í húsi 1 við aðkomu slökkviliðs. Slökkvilið getur einnig gangsett reykblásara handvirkt frá þessum stað. Búnaðurinn er varinn gegn fikti.

### Klæðningar.

Allar klæðningar inni eru í flokki 1 á veggjum og lofti en gólfefni er í flokki Dfl-s1 í íbúðum en í flokki Cfl-s1 í stigahúsum. Í kjallara eru gólfefni í flokki Afl. Á þaki er klæðning B(roof) (t2) yfir einangrun úr plasti í brunaflokki E með 80 mm möl. Klæðningar utanhúss eru í flokki 1 en veðurkápa og öll efni tengd henni eru í flokki A2-s1,d0. Veggklæðningar í opnum svalagöngum eru eldvarðar timburklæðningar í flokki 1. Leifðar eru en hljóðdempandi hellur á gólfi svalaganga í fl. Dfl-s2.

### Slökkvibúnaður.

Í hverri íbúð og á geymslugöngum í kjallara eru slökkvitæki með slökkvigetu a.m.k. 21 A, 183 B og C sem eru staðsett við útganga og þannig að hvergi sé lengra að tæki en 25 m. Í bílakjallara eru þrjú 25 m slöngukefli staðsett við innganga að geymslugöngum , stærð 20-25 mm, afköst 20 l/mín með kastlengd 9 m þannig að hún nái út í öll horn og slökkvitæki með slökkvigetu a.m.k. 21 A, 183 B og C staðsett á sömu stöðum við innganga í geymsluganga í kjallara. Slökkvibúnaðurinn skal settur upp af viðurkenndum aðila.

### Reyklosun.

Reyklosun úr íbúðum er um hurðir og glugga. Svalagangar eru reyklosaðir með því að hafa skal minnsta bil undir gler 80 mm en ofan við gler 300 mm á langhliðum ganga.
Reyklosun úr stigahúsum verður með gluggum og hurðum á efstu hæð. Frá geymslugöngum í húsum 1 og 3 er reyklosun út í gegnum útihurðir á hjólageymslum en í húsi nr. 5 er reyklosun út í bílageymslu og þaðan út með reykblásara bílageymslunnar.
Reyklosun frá bílageymslu verður með sjálfvirkum reykblásara tengdum fjölvirkum skynjurum, stjórnstöð hans er í hjólageymslu í húsi nr. 1. Reykblásari er staðsettur við suðurvegg á móts við miðbik húss nr. 3 . Innloft kemur um akstursdyr sem opnast við boð frá brunaviðvörunarkerfinu og um 60 sm loftinntak sem slökkvilið stjórnar í SV-enda og NV-enda. Reykblásari er útbúinn með seinkun þannig að akstursdyr opnist að fullu á undan gangsetningu blásara. Einnig skal vera hægt að gangsetja blásarana handvirkt með vörðum rofa sem staðsettur er í hjólageymslu húss nr. 1. Afkastageta reykblásara skal vera að lágmark 26 m³/s, hitaþol F400, sjá nánar á sérteikningu. Straumfæðing að blásara er frá aðaltöflu hússins og er gengið frá tengingum með þeim hætti að hægt er að rjúfa straum að húsinu án þess að blásari verði straumlaus. Tenging blásara er merkt í aðaltöflu með viðvörun um að ekki má rjúfa straum að honum nema í samráði við slökkvilið. Lögn er varin í minnst 60 mín.

### Loftræsikerfi.

Fyrir hverja íbúð er sjálfstætt útsog frá eldhúsum og baðherbergjum. Stokkar eru óbrennanlegir, A2-s1,d0.
Í bílgeymslunni er sjálfstætt loftræsikerfi til að fjarlægja sprengifimar og hættulegar lofttegundir úr geymslunni. Í loftrásum ofan gólfs er óbrennanlegt efni, A2-s1,d0. Hönnun verður gerð í samræmi við ákvæði 6.11.5. gr. í byggingarreglugerð og samkvæmt DS 428. Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.
Aðkoma slökkviliðs.
Aðkoma slökkviliðs að svölum íbúða er almennt að SV-verðu aftan við húsin. Hægt er að ná til allra svala í húsi 1 og svölum í NA-enda í húsi nr. 5 frá Lautarmóa með búnaði slökkviliðs. Aðkoma að svölum í SV-enda húss nr. 5 og allra svala í húsi nr. 3 er frá stíg vestan lóðarmarka við bílgeymsluna og verður breidd hans og burðarþol þannig að hann þoli umferð körfubíls. Mesta fjarlægð frá brún stígs að svölum er um 21m. Aðkoma slökkviliðs að stjórnstöð reyklosunar og brunaviðvörunarkerfis er frá rampa að bílgeymslu frá Lautarmóa.

### Þjónusta og viðhald brunavarna.

Uppsetning á öllum öryggisbúnaði í húsinu verður unnin af aðilum með gilt starfsleyfi frá HMS og rekstrarþjónusta við allan öryggisbúnað brunavarna í húsinu og viðhald hans verður tryggt með samningum við þjónustuaðila með starfsleyfi frá HMS eftir því sem við á.

Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri: [signature]


Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason
090963-3689
Þröstur Sigurðsson
160563-4439


| | | | |
|---|---|---|---|
| Lautarmói 1-5 | | Verk nr: | 231001 |
| Akureyri | | Kvarði: | 1:500 |
| | | Dags: | 21. júní 2024 |
| Afstöðumynd Byggingarlýsing | | Teikn. nr: | A1 |
| Teiknað: TT [signature] | | Yfirfarið: | ÞS |




Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri:

Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason
090963-3689
Þröstur Sigurðsson
160563-4439

LAUTARMÓI 1-5

Akureyri

Kjallari og bílgeymsla - NA-hluti

Verk nr: 231001
Kvarði: 1:100
Dags: 21. júní 2024
Teikn. nr: A2
Teiknað: TT
Yfirfarið: ÞS




Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri:

Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason
090963-3689
Þröstur Sigurðsson
160563-4439

LAUTARMÓI 1-5
Akureyri
Kjallari og bílgeymsla - SV-hluti

| | |
|---|---|
| Verk nr: | 231001 |
| Kvarði: | 1:100 |
| Dags: | 21. júní 2024 |
| Teikn. nr: | A3 |
| Yfirfarið: | ÞS |

Teiknað: TT




Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Opus ehf<br>Strandgata 13<br>600 Akureyri<br>Sími 461 40 14<br>opus@opusehf.is | LAUTARMÓI 1-5<br>Akureyri | Verk nr: | 231001 |
| | | Kvarði: | 1:100 |
| | | Dags: | 21. júní 2024 |
| Tryggvi Tryggvason<br>090963-3689<br>Þröstur Sigurðsson<br>160563-4439 | Hús nr. 1 og 3 NA-hluti<br>Grunnmyndir 1. hæðar | Teikn. nr: | A4 |
| | Teiknað: TT | Yfirfarið: | ÞS |




Hönnunarstjóri:

Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason 090963-3689
Þröstur Sigurðsson 160563-4439

LAUTARMÓI 1-5
Akureyri

Hús nr. 3, 5 og SV-hluti á húsi 1
Grunnmyndir 1. hæðar

| | |
|---|---|
| Verk nr: | 231001 |
| Kvarði: | 1:100 |
| Dags: | 21. júní 2024 |
| Teikn. nr: | A5 |
| Teiknað: | TT |
| Yfirfarið: | ÞS |



Hús nr. 1.  - Grunnmynd 4. hæðar



Hús nr. 1.  - Grunnmynd 5. hæðar



Hús nr. 1.  - Grunnmynd 2. hæðar



Hús nr. 1.  - Grunnmynd 3. hæðar

Prentað 2025.9.9

**BREYTINGAR**

| Nr | Dags | Breyting | Teiknað |
|---|---|---|---|
| A | 10 feb 2025 | Hurð í þvottahús speglað | TT |

Hönnunarstjóri:

Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason
090963-3689
Þröstur Sigurðsson
160563-4439

LAUTARMÓI 1-5

Akureyri

Hús nr. 1
Grunnmyndir 2.-3.-4. og 5. hæðar

Teiknað: TT

Verk nr: 231001
Kvarði: 1:100
Dags: 21. júní 2024
Teikn. nr: A6a
Yfirfarið: ÞS




Hús nr. 3. - Grunnmynd 3. hæðar




Hús nr. 3. - Grunnmynd 4. hæðar




Hús nr. 3. - Grunnmynd 2. hæðar

Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Opus ehf<br>Strandgata 13<br>600 Akureyri<br>Sími 461 40 14<br>opus@opusehf.is | LAUTARMÓI 1-5<br>Akureyri | Verk nr: 231001<br>Kvarði: 1:100<br>Dags: 21. júní 2024 | |
| Tryggvi Tryggvason<br>090963-3689<br>Þröstur Sigurðsson<br>160563-4439 | Hús nr. 3<br>Grunnmyndir 2. - 3. og 4. hæðar | Teikn. nr: A7 | |
| | Teiknað: TT | Yfirfarið: ÞS | |



Hús nr. 5. - Grunnmynd 4. hæðar



Hús nr. 5. - Grunnmynd 5. hæðar



Hús nr. 5. - Grunnmynd 2. hæðar



Hús nr. 5. - Grunnmynd 3. hæðar

Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Opus ehf<br>Strandgata 13<br>600 Akureyri<br>Sími 461 40 14<br>opus@opusehf.is | LAUTARMÓI 1-5<br>Akureyri | Verk nr: 231001<br>Kvarði: 1:100<br>Dags: 21. júní 2024 | |
| Tryggvi Tryggvason<br>090963-3689<br>Þröstur Sigurðsson<br>160563-4439 | Hús nr. 5<br>Grunnmyndir 2.-3. -4. og 5. hæðar | Teikn. nr: A8 | |
| | Teiknað: TT | Yfirfarið: ÞS | |




Snið A - 1:100




SNIÐ B 1:100




SNIÐ D 1:100




SNIÐ C 1:100

Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri:

Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason
090963-3689
Þröstur Sigurðsson
160563-4439

| | |
|---|---|
| LAUTARMÓI 1-5 | Verk nr: 231001 |
| Akureyri | Kvarði: 1:100 |
| | Dags: 21. júní 2024 |
| Hús nr. 1, 3 og 5<br>Þversnið | Teikn. nr: A9 |
| Teiknað: TT | Yfirfarið: ÞS |




Hús nr. 1. - Útlit norðvestur




Hús nr. 3. - Útlit norðaustur




Hús nr. 1. - Útlit norðaustur




Hús nr. 5. - Útlit norðaustur




Hús nr. 1. - Útlit suðaustur

Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri:

Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason
090963-3689
Þröstur Sigurðsson
160563-4439

LAUTARMÓI 1-5

Akureyri

Hús nr. 1, 3 og 5
Útlitsmyndir

| | |
|---|---|
| Verk nr: | 231001 |
| Kvarði: | 1:100 |
| Dags: | 21. júní 2024 |
| Teikn. nr: | A10 |
| Teiknað: | TT |
| Yfirfarið: | ÞS |




Hús nr. 5. - Útlit suðaustur




Hús nr. 3. - Útlit suðvestur




Hús nr. 5. - Útlit suðvestur




Hús nr. 1. - Útlit suðvestur




Hús nr. 3. - Útlit suðvestur

Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri: [signature]

Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason
090963-3689
Þröstur Sigurðsson
160563-4439

| | | | |
|---|---|---|---|
| LAUTARMÓI 1-5 | | Verk nr: | 231001 |
| Akureyri | | Kvarði: | 1:100 |
| | | Dags: | 21. júní 2024 |
| Hús nr. 1, 3 og 5 | | | |
| Útlitsmyndir | | Teikn. nr: | A11 |
| Teiknað: TT [signature] | | Yfirfarið: | ÞS |



Hús nr. 5.  - Útlit norðvestur




Hús nr. 3.  - Útlit suðaustur




Hús nr. 3.  - Útlit norðvestur

Prentað 2025.9.9

Hönnunarstjóri:


Opus ehf
Strandgata 13
600 Akureyri
Sími 461 40 14
opus@opusehf.is

Tryggvi Tryggvason
090963-3689
Þröstur Sigurðsson
160563-4439


LAUTARMÓI 1-5

Akureyri

Hús nr. 1, 3 og 5
Útlitsmyndir

| | |
|---|---|
| Verk nr: | 231001 |
| Kvarði: | 1:100 |
| Dags: | 21. júní 2024 |
| Teikn. nr: | A12 |
| Teiknað: | TT |
| Yfirfarið: | ÞS |